


Láttu í þér heyra



Laura Sch. Thorsteinsson
verkefnisstjóri á gæða- og lýðheilsusviði
Landlækniseimbættisins og aðjúntkt við
Háskóla Íslands



Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu

- Öryggi heilbrigðisþjónustu er í brennidepli víða um heim (HealthGrades, 2004; Quigley, 2003)
- Öryggi er grundvallaratriði í heilbrigðisþjónustu (WHO, 2002) og hefur mikil áhrif á gæði hennar
- Öryggi sjúklinga er inngróinn og nauðsynlegur þáttur varðandi gæði heilbrigðisþjónustu (Ballard, 2003)
- Öryggi og gæði nást einungis fram með stöðugri umbótavinnu (Berwick, 2004)



Hlutverk notenda í heilbrigðisþjónustu Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Taktu þátt í öllum ákvörðunum um meðferð þína. Þú ert miðdepill í þinni eigin heilbrigðisþjónustu
- Rannsóknir sýna að taki sjúklingar þátt í ákvörðunum sem snerta heilbrigðisþjónustu við þá, eru meiri líkur á að þeim farnist betur.

(JCAHO, 2002)



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Fylgstu með þeirri heilbrigðisþjónustu sem þú færð. Fullvissaðu þig um að þú fáir rétt lyf og rétta meðferð. Ekki gera ráð fyrir að allt gangi snurðulaust fyrir sig.
 - Athugaðu handþvott heilbrigðisstarfsfólks
 - Athugaðu hvernig borin eru kennsl á þig



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Ef þú ert með spurningu eða áhyggjur eða ef þú skilur ekki eitthvað. Málið snýst um þína heilsu og þú átt rétt á upplýsingum, sbr. lög um réttindi sjúklinga frá 1997



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)


- Kynntu þér þann vanda sem hrjáir þig, svo sem sjúkdómsgreiningu, svör úr rannsóknar- niðurstöðum og meðferðaráætlun
 - Safnaðu upplýsingum um heilsufarsvanda þinn, t.d. á bókasafni og viðurkenndum upplýsingaveitum á Internetinu
 - Skrifaðu niður mikilvægar upplýsingar
 - Spurðu um bæklinga/skriflegar upplýsingar



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Mælt er með að hafa einhvern traustan aðila með sér við heimsókn eða dvöl á heilbrigðisstofnun.....
 - Sem getur fylgst með
 - Sem getur spurt
 - Sem getur gætt réttar þíns



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Þekktu vel þau lyf sem þú tekur og hvers vegna þú tekur þau. Atvik er tengjast lyfjum eru algengustu atvik í heilbrigðisþjónustu
 - Athugaðu tilgang lyfjagjafar
 - Athugaðu tímasetningu lyfjagjafar
 - Kynntu þér hugsanlegar aukaverkanir
 - Ef þú færð lyf sem þú þekkir ekki, sannreynðu þá að taka þeirra sé nauðsynleg
 - Ef þú getur ekki lesið lyfseðil þinn er ekki víst að starfsfólk í apóteki geti lesið hann rétt !



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Ef þú færð lyf í æð – kynntu þér hvað langan tíma lyfjagjöfin á að taka og láttu vita ef það rennur of hægt/of hratt eða ef lyfið hættir að renna
- Ef þú átt að fá nýtt lyf, láttu vita um þekkt ofnæmi
- Ef þú tekur fleiri en eitt lyf, kynntu þér þá hvort lyfin hafi áhrif hvert á annað



Láttu í þér heyra....

(<http://www.jointcommission.org/PatientSafety/SpeakUp/>)

- Þú átt rétt á að leita álits annars heilbrigðisstarfsmanns samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga
- Athugaðu möguleika á að tala við aðra með sama heilsufarsvanda/sama sjúkdóm



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

5. gr. Sjúklingur á rétt á upplýsingum um:

- a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
- b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
- c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

5. gr. Sjúklingur á réttá upplýsingum um:

d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

5. gr.Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

6. gr. Upplýsingar skv. 5. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert. Sjúklingur getur tilnefnt annan einstakling til að taka við upplýsingunum í sinn stað.....


Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánum vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

21. gr. Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt.



Láttu í þér heyra....

- Brot úr lögum um réttindi sjúklinga/1997

22. gr.Við útskrift af heilbrigðisstofnun skal sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega.



Í hnotskurn



- Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu er sameiginleg ábyrgð heilbrigðistofnana, heilbrigðisstarfsfólks og notenda heilbrigðisþjónustu (sjúklinga) og því mikilvægt að allir þessir aðilar taki saman höndum og axli þá sameiginlegu ábyrgð.

